Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 b, örk 55


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.



Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.



**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Reykjavík 26. Septemb. 1910.

Brf. 1/10 '10

Bg. 17

Hjermeð leyfi jeg mjer að fara þess á leit við hina háttvirtu byggingarnefnd Reykjavíkurkaupstaðar hvort henni mætti þóknast að veita mjer leyfi til að byggja þurkhús (hjall) á lóð minni fyrir vestan hús mitt á Stýrimannastíg 10. og er staðurinn þar sem það hugsast byggt, og hvernig sýnt á meðfylgjandi uppdrætti. (teikning). Húsið hugsast byggt úr timbri þakið með bárujárni, vestur og suður-hliðin verður algjörlega klædd með borðum, en norður og austur hliðin verður klædd með rimlum. Brandgafl vonast jeg til að þurfa ekki að byggja við húsið. Þar sem hús þetta kemur til að standa við óbyggðar lóðir, sem Th. Thorsteinsson kaupm. á að vestanverðu, sem líkindi eru til að ekki verði byggt bráðlega á, og herra Sveins Hallgrímssonar væntanlega hús, kemur að líkindum til að standa svo nærri Stýrimannastíg að þetta þurkhús kemur heldur ekki til að standa nálægt því.

Virðingarfyllst

O. Ellingsen

Til

byggingarnefndar Reykjavíkur.

B. Ekk. 7/10 '10 Bg. 17

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Eptirrit

## af fundargjörð byggingarnefndarinnar 1. okt.

Ár 1910 laugardaginn 1. okt. kom bygginganefndin saman á fund og fór þar þannig fram:

1. Emil Rokstad í Laugarnesi veitt leyfi til að reisa hús þ: fjós og hlöðu – á lóð þeirri er hann hefir keypt af bænum og liggur þar við Laugarnesveginn. Húsið að stærð 11° x 12°, 3 álna vegghæð og hátt ris, alt úr timbri.-

afgr. 7/10

2. Vilhjálmi bónda Bjarnarsyni á Rauðará leyft að láta standa steinsteypuskúr 4½ x 5½°, er hann hefir bætt við byggingu sína í sumar, en gleymst að beiðast leyfis. Bygginganefnd skrifar því til borgarstjóra, hvort ástæða sje til að kæra til sekta fyrir það, að ekki var sótt um leyfi í tæka tíð.

B/

3. Árna Árnasyni leyft að reisa steinsteypuhús einlyft með kjallara, 9° x 9° með inngönguskúr 2¼ x 3°, í Kaplaskjóli, með því skilyrði, að hann fái að breyta því að erfðafestulandinu, er með þarf til hússins, í byggingarlóð.

afgr. 7/10

4. Jóhannesi Lárussyni og Kristófer Sigurðssyni leyft að skipta húseign þeirra Skólavörðustíg 42 í tvent með eldvarnarvegg um þvert og gera ýmsar smábreytingar á því innan, svo sem setja nýjan stiga og breyta herbergjaskipun, og svo að gera skúr, óreglulegan norðan áttbyrgingar að grunnfleti, 35□° að flatarmáli, á lóðarmörkum, með eldvarnarvegg á þrjár hliðar.

afgr. 7/10

5. Þorsteini Þorgilssyni leyft að gera geymsluskúr bak við hús hans, Kárastíg 14, 3½° x 3½° að stærð.-

afgr. 7/10

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. Guðm. Magnússyni skáldi leyft að gera íbúðarhús úr steinsteypu við Grundarstíg. Húsið sje 12°×1[illegible]° einloptað portbyggt með kvisti á framhlið og skúr á bakhlið 4×3½°; ennfremur er salerni 3½°×1½°.- *(Afgr. 7/10)*

7. Ellingsen slippstjóra leyft að reisa hjall 5°×10° vestast á lóð sinni í móti lóðum Þ. Þorsteinssonar og Sv. Hallgrímssonar með því skilyrði, að þinglesin verði sú kvöð á eigninni, að ef byggt verður hús á nágrannalóðinni nær hjallinum en 10° sje hann skyldur að gera eldvarnarvegg við hjallinn á sinn kostnað.- *(Afgr. 7/10)*

8. Helga Thordersen leyft að rífa salerni á lóð sinni Þingholtsstræti 21 og byggja annað nýtt í staðinn, að stærð . . . *(Afgr. 7/10)*

9. Verkfræðing K. Zimsen leyft að gera ýmsar breytingar á húseign hans Suðurgötu 8B, þar á meðal að setja miðstöðvarhitun í húsið.- *(Afgr. 7/10)*

10. Gísla Þorbjarnarsyni leyft gluggabreyting á húsinu Laugaveg 12.- *(Afgr. 7/10)*

Fleira ekki til meðferðar. Allir á fundi nema G. Olsen.-

Fundi slitið

Páll Einarsson

K. Zimsen Jón Jensson Rögnv. Ólafsson

Sig. Thoroddsen Kr. Gunnarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með óska eg leyfis og samþykkis hinnar háttvirtu byggingarnefndar í Reykjavík á húsi því – fjósi og heyhúsi, samkvæmt viðlögðum uppdrætti – er eg hefi í hyggju að byggja á lóð minni innan við Laugarnesveginn.

Húsið er 12×11 álnir ummáls og hæðin 3 álnir undir ris. Þar af er fjósið 12×6½ alin en heyhúsið 12×4½ alin. Fótstykkin úr 4×5" trjám, fjósveggirnir úr 2½" plægðum plönkum, Heyhúsið bolað á grind, stafir 4"×4" tré, bitar 4×6" tré, skástoðir 3×4" tré, lausholt úr 2×4" plönkum, sperrur og hanabjálkar úr 5×5" trjám

Virðingarfyllst

Laugarnesi þ. 16. September 1910

Emil Rokstad

Til Byggingarnefndar

Reykjavíkur

B. Rok. [illegible] í Rvík [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Rauðará 15 sept 1910

Ég undirritaður, leyfi mjer hjer með að biðja hina hátt-virtu byggingarnefnd um sam-þykki sitt á byggingu smá-skúrs, er var bætt við byggingu mína í sumar, en af athuga-leysi ekki sótt þá um leyfi hinnar háttvirtu byggingarnefnd-ar. Skúr þessi er $5\frac{1}{2} \times 4\frac{1}{4}$ al með kjallara undir. Öll vegghæð ca. 9 álnir.

Virðingarfyllst

Vilhjálmur Bjarnarson

Til byggingarnefndar Reykjavíkur

B. Rvk. 1412/ 1910
By. 17

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Rvík 12 sept. 1910

Við undirritaðir óskum hjer með eftir samþykki hinnar heiðruðu byggingarnefndar á breitingu þeirri er við ætlum að gjöra á húsi okkar við Skólavörðustíg 4B. hjer í bænum, samkv. meðfylgjandi uppdrætti.

Virðingarfyllst.

pr. Jóhannes Lárusson   Kristófer Sigurðsson

Til byggingarnefndarinnar í Reykjavík

B. Rvk. 714/1910 By/17

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð leyfi jeg mjer að fara þess á leit við hina heiðruðu byggingarnefnd Reykjavíkur að hún vildi mæla út undir: steinsteipuhús 9 x 9 álnir að stærð á lóð minni í Kaplaskjóli samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti.

Kaplaskjóli 21 september 1910

virðingarfyllst

Árni Árnason

B. Rvk. 713/ [illegible] Bj. 14

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirskrifaður leifi mjer hjer með að biðja hina heiðruðu byggingarnefnd Reykjavíkur að veita mjer leifi til að byggja geimsluskúr við húsmitt eftir því sem með fylgjandi uppdráttur sýnir.

Reykjavík 23 September 1910

Þorsteinn Þorgilsson
Kárastíg 14

Til Byggíngar nefndar Reykjavíkur

B. Rvk. 715/1910 Bj. 17

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð tilkynnist hinni heiðruðu Byggingarnefnd að áformað er að byggja hús úr steinsteypu handa Guðm. Magnússini prentar á lóð hans við Grundarstíg húsið verður að stærð 15 × 12 álnir og skúr við bakhlið 8×8 hæð á skúrnum verður 8 al. enfremur verður kvistur á forhlið hússins, að öðru leiti verður húsið gjört eftir meðfylgjandi uppdrætti af húsi sem Kjartan Gunnlaugsson ætlaði að byggja en er nú hættur við og vona jeg eftir svari sem fyrst hvort nokkuð geti verið þessu til fyrirstöðu

Rvík 26 Ág. 1910

Steingr. Guðm.son

Til

Byggingarnefndarinnar í Rvík

B. Rvk. 16/ Maí By. 17

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eg undir ritaður bið hina hátt virtu byggingar nefnd í Reykjavík að heimila mjer að bigga salerni í norð- austur horni á lóð minni Þingholtsstræti № 21.

Enn fremur til kinnist hinni hátt virtu nefnd að eg hefi rifið niður hið gamla íbúðar hús mitt ásamt salerninu.

Virðingar fillst
Reykjavík 30 sept. 1910.

Helgi Thordersen

B. Rok. 718/1910 B XI 17

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð tilkynnist hinni heiðruðu Byggingarnefnd, að jeg hefi áformað að byggja íbúðarhús handa Guðmundi Magnússini prentara á lóð hans við Grundarstíg, og skal húsið gjört af steinsteypu, stærð hússins 15° × 12° með porti og kvist á framhlið og skúr við bakhlið eins og meðfylgandi teikning sínir og vona jeg að ekkert sje þessu til fyrirstöðu;

R.vík 27 September 1910

virðingarfyllst.

Steingr. Guðmundsson

Til

Byggingarnefndarinnar í R.vík

B. Rvk. 1910

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VERKFRÆÐINGUR K. ZIMSEN.
REYKJAVÍK.

SÍMNEFNI: »INGENIÖR«.
TALSÍMI Nr. 13.

Deild

Reykjavík 1. október 1910.

Hjermeð leyfi jeg mjer að óska samþykkis háttvirtrar byggingarnefndar til að mega setja miðstöðvarhitun í hús mitt Nr. 8 B við Suðurgötu og jafnframt til að færa þvervegg einn í húsinu um c 30 þuml.

Ennfremur óska jeg að fá leyfi til að afnema forstofudyrnar nyrst á austurhlið hússins og setja þar glugga.

Virðingarfyllst
K. Zimsen

Til
byggingarnefndar Reykjavíkur

B. Rvk. 719/1910 Bg 17

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# GÍSLI ÞORBJARNARSON
VERZLUNARMAÐUR.

KAUPIR OG SELUR HÚS OG JARÐIR, HVAR SEM ER Á ÍSLANDI, EINNIG SKULDABRÉF, VÍXLA OG ÖNNUR VERÐBRÉF. ÚTVEGAR LÁN MÓTI VEÐI. INNKALLAR SKULDIR.

REYKJAVÍK, 1 Oktober 1910

Hjer með vil jeg mælast til þess, að háttvirt byggingarnefnd Reykjavíkur, veiti mjer leyfi til, að breyta gluggum á úti-húsinu sem stendur við götuna á nr. 12 við Laugaveg. Jeg sendi hjermeð uppdrátt af ~~framhlið~~ hliðinni hússins, sem veit að götunni; rauðu strikin eiga hjer að þýða hugsuðu nýju glugga, en svörtu þá sem nú eru, Jeg hefi þegar gert ráðstöfun til breytingar á gluggum þessum, að vitund byggingarfulltrúans upp á væntanlegt samþykki nefndarinnar. Jeg óska svars hið bráðasta.

Með virðingu

Gísli Þorbjarnarson

(í umboði eigenda)

Til byggingarnefndarinnar í Reykjavík

B. Bjarnason 20/10 1910

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur